

skipaði landfógeta að greiða biskupi 400 kr. til hins nefnda augnamíðs af fje því, sem í 6. grein fjárlaganna er veitt til óvissra útgjalda. **136**
14. sept.

— *Brief landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lán til jarðabóta á prestssetri.* — Eptir tillögu stiptsyfirvaldanna í þóknanlegu bræfi frá 16. þ. m. veitist hjer með Valþjófsstaðarprestakalli 1000 kr. lán úr viðlagasjóði landsins til jarðabóta, einkum til að hlada 2 garða hjer um bil 1600 faðma á lengd sumpart til varnar landi prestssetursins og sumpart til endurbóta á engjum þess, þar sem annar garðurinn að nokkru leyti gæti notast sem stíflugarður við vatnsveitingar. Lán þetta er veitt með þeim kjörum, að það verði árlega ávaxtað með 4. af hundraði og endurborgað á 10 árum með 100 kr. árlega, og með þeirri nákvæmari ákvörðun, að báðum gördunum verði komið upp og þeim síðan viðhaldið og skilað við prestaskipti með reglulegri úttektargjörð og ofanálagi eins og öðru því, sem prestsetrinu tilheyrir.

Þetta er hjer með tjáð stiptsyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda.

— *Brief landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um byggingu á fátækra jörð.* — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt álit yðar, herra sýslumaður, um erindi hreppsnefndaroddivitans í Rípurhreppi viðvikjandi hreppseigninni Keflavík, vil jeg biðja yður að tilkynna tjeðri hreppsnefnd, að ekkert sje því til fyrirstöðu, að hrepps eða fátækrajarðir verði án æðri samþykkis byggðar til fleiri ára eða jafnvel um lífstíð ábúandans, aptur á móti þarf samkvæmt 5ta lið 26. gr. tilsk. 4. maí 1872 samþykkis sýslunefndar til að selja eða veðsetja slíka fasteign, og eins myndi slíkt samþykki nauðsynlegt, ef það kæmi til tals að byggja slíka eign um óvenjulega langan tíma, t. d. 50 ár eður lengur eða um lífstíð fleiri ættliða (erfðabygging).

Hvað sjerstaklega snertir byggingarráðin að eign Rípurhrepps í jörðunni Keflavík, þá er það mál, sem risið hefir út af þeim, dómsmál, og get jeg því þegar af þeirri ástæðu ekki sem stendur farið út í hin einstöku atriði þess.

R e g l u r

fyrir niðurföfnun á kirkjugjaldi samkvæmt lögum 19. september 1879.

1.

Á hús þau, sem húsaskattur hefir verið lagður á samkvæmt lögum 14. desbr. 1877 (A. 22) skal jafna kirkjugjaldinu niður eptir virðingu þeirri, sem farið hefir fram samkvæmt reglugjörð landshöfðingja frá 18. maí 1878, og ber sýslumönnum og bæjarfógetum fyrir næstu manntalsþing að senda hlutadeigandi kirkjuhöldurum útdrátt, að því er viðkomandi kirkjusókn snertir, úr skránni yfir gjaldskyldar húseignir í lögsagnarumdöminu. Breytingar þær, er síðan kynnu að verða á virðingarverði húsanna, og skýrslur um nýjar gjaldskyldar húseignir, ber sýslumönnum og bæjarfógetum síðan að senda kirkjuhöldurum fyrir nýár ár hvert.

2.

Þau hús eru undanþegin kirkjugjaldi, sem notuð eru við ábúð á jörð, er metin